



Tilkynning:

Blönduósi 30. apríl 2020.

Efni: Fólkvangurinn í Hrótey – tímabundinni lokun aflétt

Til þeirra er málið varðar,

Á 160. fundi byggðaráðs Blönduósbæjar, haldinn 20. apríl 2020, var bókað undir lið 2 á dagskrá: **MN – Átak í merkingu gönguleiða á Norðurlandi,**

“Þá mælist byggðaráð eindregið til þess að tímabundinni lokun á aðgengi að Fólkvanginum í Hrótey verði aflétt sem allra fyrst en um leið aukið við merkingar gönguleiða og bætt við upplýsingaskiltum. Málið verði unnið með upplýstu samþykki þeirra aðila sem að málinu þurfa að koma.”

Afgreiðsla byggðaráðs var staðfest af sveitarstjórn með 7 atkvæðum samhljóða á 78. fundi, sem haldinn var þriðjudaginn 21. apríl 2020, undir lið 2.2 á dagskrá.

Fólkvangurinn í Hrótey var staðfestur með auglýsingu í Stjórnartíðindum, bl. nr. 521/1975 *“Auglýsing um fólkvang í Hrótey í Blöndu, Austur-Húnavatnssýslu.”* með vísan til 26. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd og viðmiðunarreglna í 5 liðum.

Í þeim reglum er ekkert kveðið á um tímabundna lokun, og mun það hafa verið ákveðið af heimamönnum síðar, m.a. til verndar varpi fugla og þá aðallega gæsa.

Nú hefur sveitarrstjórn Blönduósbæjar aflétt þeirri tímabundnu lokun sem verið hefur á aðgengi að Fólkvanginum í Hrótey, á vorin, og verður því Fólkvangurinn í Hrótey alveg opinn fyrir almenning og heimsóknir gesta frá og með 5. maí 2020.

Áfram er hvatt til varfærni í umgengni yfir aðal varptímann en einnig verður aukið við merkingar gönguleiða og bætt við upplýsingaskiltum eftir þörfum.

Ofanritað staðfestist hér með,


Valdimar O. Hermannsson
Sveitarstjóri